

PINGGERÐ 13. SAMBANDSPINGS
ÍPRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA
HALDIÐ Á RADISSON SAS HÓTEL
SÖGU
14. APRÍL 2007

1. Þingsetning

Ávarp Sveins Áka Lúðvíkssonar, formanns ÍF

“Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heiðursfélagi ÍF, Sigurður Magnússon, íþróttafulltrúi ríkisins, Líney Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþróttá og Ólympíusambands Íslands, Stefán Konráðsson, virðulegu gestir og félagar.

Hér fer fram í dag 13. sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra.

Það hefur verið hefð að halda annað hvort þing í Reykjavík en hitt úti á landsbyggðinni en eins og glöggir þinggestir muna þá var síðasta þing einnig haldið hér á Radisson SAS, Hótel Sögu. Þetta er ekki vegna þess að við höfum breytt fyrirkomulaginu heldur fagnar Radisson SAS Hótel Saga 30 ára afmæli á þessu ári og til hátíðabrigða hefur stjórn hótelsins ákveðið að setja aukið fjármagn í samstarf við ÍF á afmælisárinu og þótti því tilhlýðilegt að fulltrúar þingsins sem koma af landsbyggðinni njóti þess og búi hér á þessu glæsilega hóteli. Við munum hér á eftir undirrita nýjan samstarfssamning.

Þegar sambandsþing eru haldin er það til að rifja upp hvað hefur gerst frá síðasta þingi, ræða það, koma með athugasemdir um hvað betur hefði mátt gera og leggja svo fram tillögur um framtíðina. Með þær tillögur í farteskinu fer svo nýkjörin stjórn að vinna úr, á komandi kjörtímabili.

Eins og þið sjáið í skýrslunni sem þið hafið í höndum, þá hefur ýmislegt gerst síðan við komum hér síðast saman og ber þar hæst þátttaka okkar fólks í Evrópuleikum Special Olympics sem haldnir voru í Róm á síðasta ári.

Það hefur oft verið sagt að sérhvert starf sé háð vananum, sé fyrirsjáanlegt og bjóði ekki uppá nýmæli. Þannig er því ekki farið með starf Íþróttasambands fatlaðra. Þar er fjölbreytileikinn í fyrirrúmi og tekist á við ný og spennandi verkefni á hverjum degi.

En samt eru markmið sambandsins og stefna þess nokkuð fyrirsjáanleg og mætti lýsa henni í hnotskurn með 3. grein laga sambandsins, en þar segir:

- 1) Að hafa yfirumsjón með allri íþróttastarfsemi fatlaðra.
- 2) Að vinna að eflingu íþróttastarfsemi fatlaðra og koma fram erlendis í því sambandi.

Með hæfilegum fyrirvara skal ÍF tilkynna framkvæmdastjórn Í.S.Í. áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

En hvað felst í þessum 2 greinum?

Um það er fjallað í skýrslunni sem þið eruð með. Og þó, þar er farið á hundavaði yfir ágríp þess helsta sem fer fram hefur farið s.l. 2 ár og varla það.

Á upphafsárum ÍF eða fyrir tæpum 30 árum, snérist starfið um að stofna félög og fá aðstöðu til íþróttaiðkunar hér innanlands.

Þá var ærinn starfi að fá íþróttir falaðra samþykktar sem íþróttir og vantrú og jafnvel vanþóknun algeng hindrun sem erfitt var að yfirstíga. Þá var ekki til sérstakt íþróttahús fatlaðra og æfingar voru jafnvel á göngum skóla eða félagsheimila og mörgum fannst þetta fatlaða fólk vera að flækjast fyrir.

En nú er öldin önnur og almenn viðurkenning þjóðfélagsins á íþróttum fatlaðra mikil, enda hafa fatlaðir íþróttamenn sýnt getu sína og hæfni svo um munar. Þó ekki hafi beinlínis verið markmið hjá þeim sem fetuðu sín fyrstu spor á íþróttabrautinni að verða heims- og/eða ólympíu meistarar, þá hefur það eflaust verið ofarlega í draumum þeirra og þrám, enda sýndi það sig fljótlega að þetta markmið var ekki óraunhæft, þótt erfitt væri.

Árangur fatlaðra Íslenskra íþróttamanna hefur vakið heimsathygli og verið einstakur, og þá á ég ekki við þá frægu setningu „miðað við fólksfjölda” heldur almennt. En er hægt að halda áfram á þessari braut? Eigum við möguleika á að vera áfram fremstir meðal jafningja?

Þessi árangur hefur verið uppörvun fyrir margra unga fatlaða einstaklinga sem hefur dreymt um að feta í fótspor okkar fræknu hetja. Eftir Hauki Gunnarssyni kom Geir Sverrisson og á eftir honum kom Jón Oddur Halldórsson og nú er spennandi að sjá hvað Baldur Ævar Baldursson gerir á hlaupabrautinni.

Í bordtennis er Jóhann Kristjánsson enn framarlega og í sundinu hef ég ekki pláss fyrir alla þá sem hafa gert garðinn frægan. Allavega mundi það reyna á þolimæði fundarstjóra og gesta og þar sem við stefnum að því að klára þingið í dag, þá nefni ég aðeins þau síðustu, þau Kristínu Rós og Gunnar Örn og spennandi verður að fylgjast með þeim sem eru að láta til sín taka þeim Eypóri, Emblu, Sonju, Huldu og mörgum fleirum.

Þessi uppörvun hefur ekki einungis átt sér stað hér á landi því ég veit um marga sem nú eru keppendur á alþjóðlegum mótum sem hafa tekið sér okkar íslenska íþróttafólk til fyrirmyndar. Má ætla að landkynning sem slík sé Íslandi mikilvæg enda nær hún ekki aðeins til einstaklingsins, heldur til allra sem nálagt honum koma. Og fyrirmynd okkar íþróttafólks hefur ekki einungis verið í keppni heldur er framkoma þeirra einnig orðlögð. Ætla ég að vona að þetta haldist um ókomna tíð.

Ég vil nota tækifærið og minnst á þátt Kristínar Rósar sem nú hefur lokið keppnisferli sínum.

Afrek hennar eru ótrúleg og ferill hennar einstakur. Leiðir okkar Kristínar Rósar lágu saman fyrir mörgum árum og fyrsta stórmótið sem hún tók þátt í var á Ólympíumótinu í Seoul 1988 og óraði engan þá að hún ætti eftir að eiga sundbol sem

er hafður til sýnis í Íþróttasafni Ólympíuhreyfingarinnar í Lausanne í Sviss, til merkis um að hún er talin ein fremsta sundkona heims. Vil ég fyrir mína hönd og ÍF þakka henni fyrir hennar einstaka afreksferil, fórnfýsi og þrúðmannlega framkomu.

Því miður hefur það gerst að á tímabili núverandi stjórnar, að aðildarfélagunum hefur fækkað. Það getur oft verið erfitt í litlu bæjarfélagi að halda úti starfi íþróttatlaðra, bæði að fá fatlað fólk til að taka þátt sem og hitt að fá einstaklinga til starfans. Það getur verið erfitt að halda endurnýjun, margir fatlaðir flytja „suður“ þar sem vænta má betri aðstöðu og kannski hefur fötludum fækkað, sem væri gleðilegt.

Ég vil því fá að nota þetta tækifæri og þakka þeim einstaklingum sem halda úti starfi félaganna. Þeirra starf er mikið og göfugt.

Sú hefð að halda formannafundi á hverju ári er stjórn ÍF mjög mikilvæg. Þar hittast formenn félaganna og þar förum við saman yfir verkefni og skiptumst á skoðunum og hugmyndum.

Þetta getur því oft verið nánari vettvangur heldur en sambandsþingin fyrir félögin til að hafa áhrif á mótun á starfi ÍF. Ykkar þátttaka er því mjög mikilvæg.

En sem betur fer eru eining framundan spennandi tímar. Á þessu ári verður haldið norrænt barna og unglingamót hér í Reykjavík og er væntanlegur til landsins stór hópur barna frá öllum norðurlöndunum. Þetta mót hefur oft verið lyftistöng fyrir ungar íþróttahetjur sem eru hefja þátttöku sína á alþjóðlegu móti og stíga sín fyrstu skref á framabrot.

Það verður því glatt á hjalla í Laugardalnum í júní þar sem mótið fer fram. Það er óskandi að þinggestir hafi möguleika á að koma og fylgjast með og hvetja þátttakendur til dáða.

En stærsti viðburður 2007 verður þó þátttaka okkar fólks í heimsleikum Special Olympics sem haldnir verða í Shanghai í Kína í lok september. Þar mun ÍF senda til þátttöku vaskann hóp frækinna einstaklinga eða tæplega 40 manns ásamt föruneyti, þar sem tekist verður á í keppni við keppendur frá um 100 löndum. Verður spennandi að fylgjast með þeim og veit ég að stór hópur aðstandenda ætlar að fara til Shanghai til að fylgjast með leikunum og gaman væri að sem flestir gætu slegist í hópinn. Er í athugun að fá leiguflug og eru viðræður í gangi við flugfélagið Atlanta þar um. Væri gaman ef það tekst og hægt væri að fjölmenna til Shanghai.

Á næsta ári verður svo haldið Ólympíumót fatlaðra í Peking í beinu framhaldi af Ólympíuleikunum þar sem við vonumst til að nýta þann kvóta sem okkur verður úthlutaður, en það ræðst af frammistöðu okkar keppenda á heims- og Evrópuleikum á þessu ári. Það er ekki sjálfgefið að komast á þessa leika og hart barist um hvert sæti.

En allt þetta gerist ekki af sjálfu sér. Til þess eru þeir alltof veigamiklir og kostnaðarsamir, en undirbúningur hófst um leið og síðustu leikum lauk.

Íþróttasamband fatlaðra hefur í gegnum tíðina haft góða bakhjarla sem hafa gert allt þetta mikla starf mögulegt.

Skilningur ríkisstjórnar og alþingismanna á okkar starfi hefur verið mikill sem og sveitarfélaga og vil ég að öllum ólöstuðum, þakka núverandi menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur sem hefur komið með straumhvörf í starfi íþróttatlaðra.

almennt í landinu svo sem sérfrárlögum til sérsambanda og nú síðast 180 milljóna fjárveitingu í ferðasjóð sem verður til úthlutunar á næstu 3 árum, undir stjórn ÍSÍ.

En ÍF hefur líka haft þá sérstöðu að vinna með góðum fyrirtækjum við eflingu síns starfs. Eins og þið sjáið hér á borðunum sem standa hér til hliðar, þá koma mörg Íslensk fyrirtæki að því að efla starf okkar. Án þeirra værum við ekki að gera þá hluti og við gerum í dag.

Eins og talnaglöggir menn hafa þegar séð í ársreikningum okkar og einnig þeir sem eru vel inni okkar málum, höfum verið svo lánsöm að geta verið að safna í ferðasjóð til að nota þegar stórvíðburðir eru framundan. Reiknað er með að þátttakan á Special Olympics leikunum sem nú eru framundan og ég nefndi hér áðan, muni kosta ÍF um 12 milljónir.

En nú hefur sá gleðilegi atburður gerst fyrir tilstuðlan forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar og stjórnarmanns í heiðursstjórn Special Olympics International, að hugsanlega komi 3 íslensk fyrirtæki sem eru með starfsemi í Kína til liðs við okkur og taki þátt í kostnaðinum. Í staðinn mega þau notfæra sér merki Special Olympics í Kína í nokkur ár.

Erum við í stjórn ÍF mjög vongóð að af þessu samstarfi verði og erum viss um að þessi fjárfesting íslensku fyrirtækjanna verði þeim til framdráttar, enda verða Ólympíuleikar og Ólympíumót haldin í Kína á næsta ári og væntanlega mun þessi fjárfesting nýtast þá enn.

Talandi nánar um reikninga ÍF þá sést að við höfum verið lánsöm að geta stigið þann veg að geta sinnt öllum helstu víðburðum sem okkur hefur boðist og eru til eflingar starfinu. Að sjálfsögðu mætti gera miklu meira en það hefur verið stefna sambandsins að hvorki safna upp skuldum né sjóðum, við erum ekki rekin sem fyrirtæki til að græða heldur til að efla íþróttastarfsemi fatlaðra Íslendinga sem vilja þær stunda.

Ég vil nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn, varastjórn, svo og öllu því góða fólki sem setið hefur í hinum fjölmörgu nefndum, framlag til starfsins, þeirra athugasemdir og innlegg. Án ykkar hefði starfið ekki orðið svona öflugt.

Sérstaklega vil ég þakka Ólafi Eiríkssyni, fráfarandi gjaldkera ÍF sem ekki gefur kost á sér til endurkjörs. Þó hann hafi einungis starfað 1 kjörtímabil hefur starf hans verið árangursríkt og hefur samstarf okkar verið með miklum ágætum. Vil ég því færa honum bestu þakkir.

En það er ekki eingöngu stjórn sem kemur að máli. Við höfum verið lánsöm að hafa samheldið starfsfólk sem hefur starfað lengi á skrifstofu ÍF. Þeirra þekking og trúmennska verður seint fullþökkuð. Vil ég því fyrir hönd stjórnar færa þeim okkar bestu þakkir fyrir þeirra störf.

Sem ritstjóri Hvata, tímarits okkar, vil ég minnast aðeins á útkomu blaðsins.

Eins og hinir fjölmörgu lesendur þess hafa tekið eftir þá hefur orðið á sú breyting að við höfum fengið til liðs við okkur blaðamann til að taka viðtöl við áhugaverða einstaklinga. Vona ég að þessi nýbreytni hafi fært blaðið framávið og gert það enn skemmtilegra til aflestrar.

Að lokum þessa þings mun ný stjórn taka við starfi og vinna að málefnum íþróttatlaðra næstu 2 árin. Þeirra biðna ærin verkefni, því eins og þið sjáið á þinggögnum og fjárhagsáætlun, liggja margvísleg málefni sem og tillögur fyrir þessu þingi. Vonandi verða þær sambandinu til góðs enda tilgangurinn að efla starfið og færa það nær starfsháttum ÍSÍ.

Góðir gestir, ég óska ykkur farsæls og árangursríks þings og lýsi 13. sambandsþing íþróttasambands tlaðra sett.”

2. Ávörp gesta

Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson
Skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytis, Þór G. Þórarinnsson
Framkvæmdastjóri ÍSÍ, Stefán Konráðsson
Formaður ÖBÍ, Sigursteinn Másson

3. Kosning þingforseta og þingritara

Borin var upp tillaga stjórnar um þingforseta, Hafstein Pálsson, **samþykkt samhljóða.**

Borin var upp tillaga um þingritara, Önnu G. Sigurðardóttur og Kristínu Guðmundsdóttur, **samþykkt samhljóða.**

Hafsteinn Pálsson, þingforseti tók við stjórn þingsins og þakkaði traustið sem honum og riturum var sýnt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Tillaga var gerð um að kjörbréfanefnd skipuðu Bragi Sigurðsson, Garðar Steingrímsson, Jón H. Jónsson. **Samþykkt samhljóða.** r Óskað var eftir því að nefndin tæki strax til starfa.

5. Kosning nefnda

Tillaga kom fram um að hafa eina málsstofu þar sem fjallað verði um þær tvær tillögur sem fyrir liggja í stað þess að starfað verði í nefndum.

Þórður Á. Hjaltsted, ritari stjórnar ÍF taldi það rökréttara að þingið í heild tæki fyrir þær tvær tillögur sem fyrir liggja ásamt fjárhagsáætlun.

Samþykkt var samhljóða að þingið í heild fjallaði um framkomnar tillögur og fjárhagsáætlun.

6. Lögð fram skýrsla stjórnar (fylgiskjal 1.0.)

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri ÍF fór í stórum dráttum yfir skýrslu stjórnar ÍF sem hafði áður verið send sambandsaðilum.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar (fylgiskjal 2.0.)

Ólafur Eiríksson, gjaldkeri ÍF fór í stórum dráttum yfir reikninga ÍF.

Nú var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir vegna skýrslu stjórnar ÍF og endurskoðaða reikninga.

Arnór Pétursson þakkaði fyrir góða skýrslu og reikninga. Ánægður með fjárhagsstöðuna. Benti á að fötluðum hefði ekki fækkað heldur er meira í boði fyrir fatlaða en áður og því er samkeppnin orðin meiri hvað varðar þátttöku fatlaðra í íþróttum. Sagðist hræðast þá þróun að börn og unglingar sitji frekar heima í tölvu en að taka þátt í tómsundastarfi.

Stór munur er á vaxtatekjum 2005 og 2006 og vonaði AP að sambandið myndi ávaxta þetta fé með góðum hætti. Að lokum spurðist hann fyrir um aukinn bifreiðakostnað og minni dagpeningagreiðslur á móti.

Jósep benti á að það vantaði Vetrariþróttanefnd og Lyftinganefnd í upptalningu nefnda í skýrslu stjórnar.

AP, benti á að lög ÍF ættu að vera í möppum þingsins.

ÓM baðst forláts á því að upptalning á nefndunum hafi fallið niður en í undirbúningi skýrslu voru þessar nefndir inni. Varðandi lög in að þá er aðgangur að þeim á netinu.

ÓE, breyting varð á launafyrirkomulagi þegar ÓE tók við og eru dagpeningar núna komnir inn í almenn laun. ÓM var heimilaður aðgangur að bifreið vegna starfa sinna. Varðandi vaxtatekjur þá er ávöxtun án mikillar áhættu.

Hádegishlé

Þingstörf hófust að nýju eftir hádegishlé kl. 13:20

lagðir fram til samþykktar

Bragi Sigurðsson talsmaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. „ Nefndin beindi þeim tilmælum til stjórnar að breyta kjörbréfunum í nútímalegra horf.

Kjörbréf frá 11 félögum eru klár.

HSK – eiga rétt á 7 en 6 eru mættir

HSV – eiga rétt á 4 en 1 er mættur

ÍBA – eiga rétt á 8 fulltrúum en 8 eru mættir

ÍBV – eiga rétt á 3 en 2 eru mættar

ÍRB – eiga rétt á 5 en 2 eru mættir

ÍBH – eiga rétt á 6 en 5 eru mættir

ÍBR – eiga rétt á 14 en 11 eru mættir

HSP – eiga rétt á 5 en 3 eru mættir

UMSK – eiga rétt á 4 en 4 eru mættir

ÍA – eiga rétt á 4 en 2 eru mættir

ÍBS – eiga rétt á 3 en 2 eru mættir.
46 þingfulltúar mættir.

Kjörbréfanefnd leggur til að ofangreind kjörbréf verði samþykkt – **samþykkt samhljóða.**

Reikningar bornir undir atkvæði – **samþykktir samhljóða**

8. Lögð fram fjárhagsáætlun (fylgiskjal 3.0.)

ÓE, gjaldkeri ÍF gerði grein fyrir fjárhagsáætlunum 2007 og 2008. Þingforseti lagði til að beðið verði með umræður og atkvæðagreiðslu um fjárhagsáætlun þar til aðrar tillögur hafi verið lagðar fram og afgreiddar.

9. Lagðar fram laga- og reglugerðabreytingar sem fram hafa komið.

Lögð var fram tillaga um niðurfellingu Ólympíuráðs ÍF (Fylgiskjal 4.0)

AP, lagði fram þá breytingu á tillögunni, að sá aðili sem kjörinn er á þingi verði formaður Ólympíuráðs.

ÞÁH kom fram með aðra breytingatillögu, að í fyrsta orði í reglugerðinni “Stjórn” verði breytt í orðið “ráð”. Hann vildi einnig að það yrði bætt við reglugerðina að það verði formaður ÍF, sem verði formaður Ólympíuráðs.

AP mótmælti því að formaður ÍF væri einnig formaður ráðsins þar sem hann væri þá að ræða um málefni bæði stjórnar ÍF og ráðsins.

SÁL var sammála um að það ætti í rauninni ekki að vera formaður ÍF sem væri formaður ráðsins en benti á að það gæti jafnframt verði dragbítur á ráðið ef að kjörinn fulltrúi verði formaður ráðsins því það gæti verið að viðkomandi þekkti ekki nógu vel til afreksmála fatlaðra.

ÞÁH dró nú seinni tillögu sína til baka, að formaður ÍF verði formaður Ólympíuráðs.

ÓM lagði áherslu á að með því að fella niður Ólympíuráð væri verið að einfalda öll störf afrekssviðs ÍF. Benti á að samkvæmt tillögunni væri það stjórn ÍF sem hefði síðasta orðið vegna þeirra mála sem Ólympíuráðið fjallaði um.

SÁL ítrekaði það að formaður Ólympíuráðs sé sá aðili sem er æðsti maður afreksmála á Íslandi gagnvart erlendum vettvangi.

ÓE – fyrir einu og hálfu ári síðan tók IPC þá ákvörðun að sambandslöndin tækju upp nafnið Paralympic. ÍF hefur barist á móti þessu m.a. þar sem þetta orð samræmist ekki málvenju okkar. Skipurit annarra þjóða er þannig að formaður sambandsins er formaður Ólympíuráðsins. Telur að formaður sambandsins eigi að vera formaður ráðsins.

Már Óskarsson taldi að formaður sambandsins ætti að vera formaður ráðsins.

ÞÓ lagði til að tillögunni verði vísað aftur til stjórnar til frekari umfjöllunar og úrvinnslu og einföldunar og kynnt á næsta Formannafundi ÍF.

Jóhanna Jessen kom fram með þá tillögu að breyting verði á orðalagi þannig að það komi fram að formaður ÍF verði formaður ráðsins.

Björg Hafsteinsdóttir lagði til að stjórn og starfsfólki verði treyst til að sinna þessu.

Tillagan var felld um að vísa málinu til stjórnar með þorra atkvæða gegn 5 atkvæðum.

AP dró tillögu sína til baka.

ÓM lagði til að í markmiðum og verkefnum ráðsins komi fram að stjórn ÍF annist samskipti við IPC og önnur alþjóðasambönd sem sinna afreksmálum að höfðu samráði við Ólympíu- og Afreksráð ÍF.

Nú var lesin upp tillaga Jóhönnu Jessen, að ráðið verði skipuð þremur aðilum, formanni ÍF sem jafnframt væri formaður ráðsins, einum skipuðum af stjórn ÍF og einum fulltrúa sem kosinn væri á þingi ÍF.

ÞÁH taldi að vel gæti gengið upp að fjórir aðilar væru í ráðinu. Einn kosinn á þingi, tveir kjörnir af stjórn og að formaður ÍF yrði einnig í ráðinu.

Jóhanna Jessen dró sína tillögu til baka.

Breytingatillaga kom fram frá ÞÁH, (fylgiskjal 4.1)

“Ráðið er skipað fjórum aðilum, formanni ÍF sem jafnframt er formaður ráðsins, tveimur fulltrúum skipuðum af stjórn ÍF og einum fulltrúa sem kosinn er af þingi ÍF. Tillögur og samþykktir ráðsins skulu bornar undir stjórn ÍF í fundargerðum eða beinum tillögum til endanlegrar samþykktar ÍF.”

Samþykkt með þorra atkvæða

Nú var lögð fram tillaga um breytingu á reglugerð um Special Olympics nefnd. (Fylgiskjal 5.0)

Samþykkt samhljóða

10. Önnur mál og aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar ÍF.

Ólafur Magnússon, las upp ályktun frá Önnu K. Vilhjálmsdóttur.

“Reykjavík 14. apríl 2007.

Þrettánda sambandsþing Íþróttasambands Fatlaðra samþykkti eftirfarandi ályktun:

Ályktun

Sambandsþing Íþróttasambands Fatlaðra sem haldið var 14. apríl 2007 skorar á alla stjórnmalaflokka að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra í íþróttastarfi með því að beita sér fyrir því að:

1. Tollar og vörugjöld á íþrótt- og útivistaráhöldum fyrir fatlaða verði afnumin.
2. Sérkennslukvóti í íþróttum í grunn- og framhaldsskólum verði tryggður sem og aðstoð við þá nemendur sem þurfa sérúrræði til að geta stundað skólaíþróttir.
3. Tryggður verði sérstakur liðveislukvóti þeim einstaklingum sem þurfa séraðstoð til að gera þeim kleift að stunda æfingar hjá íþróttafélögum eða íþróttir sér til heilsubótar. Fatlaðir einstaklingar hafa hætt æfingum vegna skorts á aðstoð þar sem aðstandendur geta ekki sinnt þessum þætti.

Þing Íþróttasambands Fatlaðra Radisson SAS, Hótel Saga.”

EPJ leist mjög vel á þessa ályktun. Ályktunin var nú borin upp til samþykktar.
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ólafur Ólafsson vildi beina því til stjórnar ÍF að sambandið beiti sér fyrir því að það verði settur á fót sjóður sem myndi styrkja félög vegna ferða þeirra á önnur mót en Íslandsmót.

SÁL lagði til að þessari tillögu yrði beint til stjórnar ÍF til umfjöllunar og skoðunar í tengslum við styrk ríkisins til íþróttahreyfingarinnar.

Samþykkt samhljóða að vísa til stjórnar.

11. Nefndir starfa

Þessi liður var felldur niður.

12. Önnur mál

GÁ vildi að Formannafundur yrðu haldnir í september eða október.

JS benti á að það þyrfti að endurskoða tölvupóstsendingar – t.d. að sjálfkrafa svar berist frá viðkomandi sem fær póstinn. Einnig vildi hann benda á að hafa ekki Íslandsmótið í frjálsum íþróttum á sama tíma og í öðrum greinum. Hann beindi því næst þeirri spurningu til annarra félaga hvernig tryggingamálum væri háttað. Breyta þarf kjörbréfum og hafði JS sent hugmynd að breytingu á því til skrifstofu, unnið verði að þessu máli í nýrri stjórn ÍF.

SÁL sagði Formannafundina mjög mikilvæga og hugsanlega þarf að gera enn aftur könnun á því hvenær félögin geta mætt. Kannað yrði með námskeið um tölvunotkun á næsta Formannafundi.

ÍSÍ hefur verið að skoða tryggingamál undanfarið en engin endanleg niðurstaða er komin úr þeirri vinnu.

GÁG sagði að ÍBH tryggðu alla sína keppendur og líka þá sem starfa í tengslum við íþróttir, s.s. þjálfara o.fl.

ÞÁH kynnti landsmót UMFÍ, 5. – 8. júlí í Kópavogi. Sund, frjálssar íþróttir og boccia.

Harpa Björnsdóttir sagði frá því að fyrir 6 árum hafi Íslandsmótið í boccia, einstaklingskeppni verið haldið á vegum félagsins. Við það urðu þáttaskil hjá félaginu því félagið varð þekkt innan bæjarins og fékk félagið velvilja innan bæjarins. Einnig tilkynnti hún að aðildarfélögum væri boðið til Ísafjarðar í lok ágúst, byrjun september á mót í knattspyrnu og frjálsum íþróttum.

Nú var orðið gefið laust – enginn kvað sér hljóðs.

13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla.

Orðið var gefið laust um fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða

14. Ákveðið gjald ævifélaga

Vísað til stjórnar – samþykkt samhljóða

15. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda, fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.

Margrét Hallgrímsdóttir, formaður kjörnefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Núverandi stjórn gefur kost á sér til endurkjörs að undanskildum ÓE. Nefndin lagði það til að Kristján Svanbergsson tæki aftur sæti í stjórn ÍF sem gjaldkeri.

Sveinn Áki Lúðvíksson var réttkjörinn formaður.

Camilla Th. Hallgrímsson var réttkjörin í stjórn.

Þórður Árni Hjaltested var réttkjörinn í stjórn.

Ólafur Þ. Jónsson var réttkjörinn í stjórn.

Kristján Svanbergsson var réttkjörinn í stjórn.

Jóhann Arnarson var réttkjörinn í varastjórn.

Svava Árnadóttir var réttkjörin í varastjórn

Erlingur Þ. Jóhannsson var réttkjörinn í varastjórn

Pórður Þorkelsson og Guðlaugur Guðmundsson voru réttkjörnir endurskoðendur reikninga.

Fulltrúar á Íþróttáþing ÍSÍ. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að vísa vali þeirra til stjórnar ÍF.

Tillaga kom fram um að stjórnin skoði þann möguleika að halda næsta þing sambandsins degi fyrir 30 ára afmæli ÍF. **Samþykkt samhljóða.**

16. Kosnir fulltrúar í Ólympíu- og afreksráð

Samkvæmt fyrrgreindum breytingum. Tillaga kom fram um Arnór Pétursson og Ólaf Eiríksson.

Ólafur Eiríksson fékk 32 atkvæði
Arnór Pétursson fékk 8 atkvæði

Ólafur Eiríksson er því réttkjörinn fulltrúi kosinn á þingi, í Ólympíu og afreksráð ÍF.

17. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar

Riturum var falið að ganga frá þingfundargerðum í samstarfi við stjórn og skrifstofu Íþróttasambands Fatlaðra

18. Þingslit

Nýendurkjörinn formaður ÍF, SÁL þakkaði fyrir traustið sem honum var sýnt með því að vera endurkjörinn sem formaður. Minntist á hversu mikilvægt starf félaganna væri og að efla þyrfti þátttöku þeirra á mótum. Þakkaði ÓE fyrir ánægjulegt samstarf í stjórn ÍF á síðasta kjörtímabili og þakkaði honum fyrir hans störf, einnig óskaði hann KS til hamingju með hans kjör sem gjaldkeri.

ÓM, kvöldverður verður í kvöld, kl. 20:00 í salnum “Svaninum” á Hótel Sögu. Óskaði formanni til hamingju með endurkjörið og einnig bað hann þingheim að gefa þingforseta og riturum gott klapp fyrir þeirra störf.

Hafsteinn Pálsson, þakkaði þingfulltrúum fyrir ánægjulegt og farsælt þing og sleit því næst þinginu.

Þingforseti

Hafsteinn Pálsson

Þingritari

Anna G. Sigurðardóttir

Þingritari

Kristín Guðmundsdóttir